

Velferðarvakt

Vinnuhópur um þá sem standa höllum fæti

Stöðuskýrsla júní 2009

Utan vinnumarkaðar og bóttalausir

Sérstaklega þarf að skoða aðstæður fólks sem staðið hefur utan vinnumarkaðar og nýtur þar með ekki réttar innan atvinnuleysistryggingakerfisins en er engu að síður í atvinnuleit. Mikilvægt er að tryggja virkni þessa hóps og tengsl við vinnumarkaðinn. Hópurinn mælir með að leitað verði allra leiða til að koma í veg fyrir að fólk án atvinnu eigi ekki afturkvæmt á vinnumarkaðinn til að sjá sér og sínum farborða. Hópurinn var sammála um að til þess að leita úrræða fyrir þennan hóp þyrfti að afla betri upplýsinga um hann, um samsetningu hans og aðstæður. Nokkrum sveitarfélögum var sent bréf til að afla upplýsinga: Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri, Reykjanesbæ, Árborg og Fjallabyggð. Svör bárust frá öllum sveitarfélögum nema Kópavogi og Fjallabyggð. Leitað var upplýsinga um eftirfarandi:

- Fjöldi þeirra sem eru án bóttaréttar og fá framfærslu hjá sveitarfélaginu.
- Fjöldi þeirra sem fengu hluta af atvinnuleysisbótum og uppbót frá sveitarfélaginu.
- Aldursdreifingu þessa hóps.
- Kyn.
- Fjölskyldugerð.
- Fjöldi barna á framfæri.
- Fjöldi barna í umgengi ef hægt er.
- Menntun.
- Húsnæðisstöðu.
- Tímalengd framfærslu og þá um leið hvort sá tími hafi verið að lengjast.

Þegar farið var að vinna úr svörum kom í ljós mikill munur á skrásetningu sveitarfélaganna og því nánast ógerlegt að bera svörin saman. En það má vissulega nota svörin sem vísbendingar. Sameiginlegt er að í þessum hópi fjölgar í öllum sveitarfélögum, hópurinn er að yngjast og körlum fjölgar. Eins kemur fram að langstærsti hluti þeirra sem er með framfærslu er ekki með meiri menntun en grunnskólapróf og eins er greinilegt að þeim sem hafa verið meira en þrjá mánuði með framfærslu frá sveitarfélagunum fjölgar.

Þrískiptur hópur

Rætt var um að þessi hópur skiptist í þrennt:

1. Í fyrsta lagi er hópur þeirra sem eru í atvinnuleit án bóttaréttar, svo sem iðnaðarmenn, þeir sem ekki hafa greitt tryggingagjöld. Okkar mat er að þessi hópur ætti að fara á skrá hjá vinnumiðlun um leið og hann verður atvinnulaus og gangast undir þær reglur sem eru þar, þ.e. skráningu og eiga möguleika á fræðslu, námskeiðum og endurmenntun sem þar er í boði. Þessi hópur er í atvinnuleit og á ekki heima innan félagslega kerfisins. Þótt hann þiggi fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagunum þar sem hann hefur ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Það er meiri hætta á að þessir einstaklingar verði atvinnulausir til langs tíma ef þeir njóta ekki þeirra tækifæra, sbr. námskeið og

stuðningskerfisins sem þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar bjóða upp á. Svo virðist sem eingöngu þurfi að breyta starfsreglum hjá Vinnumálastofnun til þess að þessi hópur geti notið þjónustu hennar. Greiðslur fari fram í gegnum sveitarfélagið en virkni verði á vegum vinnumiðlunar.

2. Í öðru lagi er það hópur sem ekki á sér langa atvinnusögu vegna veikinda, vegna þess að viðkomandi hefur nýlega lokið námi eða vegna annarra ástæðna sem gera það að verkum að fólkið á ekki rétt hjá öðrum en félagsþjónustu. Fyrir þennan hóp þarf að:
 - Víkka út námstilboð.
 - Tengja saman nám og iðju.
 - Virkja með persónubundnum aðgerðum.
 - Hafa gulrót til að hvetja fólk til þátttöku, til dæmis í endurhæfingu eða sjálfboðastarfi. Mikilvægt er að huga sérstaklega að unga fólkinu og geta boðið fjölbreytt úrræði þeim til handa.
 - Mæta þeim sem útskrifast úr háskólanámi með sérúrræðum, svo sem að fá þá til að vinna með ungmennum á aldrinum 16–20 ára sem eru án bótaréttar til að finna úrræði fyrir sína aldurshópa.

Til að hægt sé að virkja þann hóp sem ekki á sér langa atvinnusögu þarf að tryggja mannafla til að vinna þá vinnu, fjölbreytt úrræði, góða upplýsingagjöf um tilboð til ráðgjafanna sem eiga að miðla þeim áfram, samvinnu milli stofnana, kerfa, ríkis og sveitafélaga, nota þriðja geirann og hugsa út fyrir rammann. Úrræði fyrir yngsta fólkið í þessum hópi er að það fari í nám auk annarra sérúrræða fyrir það. Á Suðurnesjum er til dæmis verið að opna meira fyrir að þeir sem fá aðstoð geti stundað eitthvert nám á framhaldsskólastigi.

3. Í þriðja lagi er ört vaxandi hópur um land allt. Þessi hópur er búinn að vera atvinnulaus í meira en þrjá mánuði, á rétt á atvinnuleysisbótum og sækir einnig um aðstoð hjá félagsþjónustu en á ekki rétt á framfærslu. Mjög misjafnt er eftir sveitarfélögum hvernig þau hafa brugðist við slíkum umsóknum, sums staðar er fólki mætt með heimildagreiðslum.

Starfshópurinn hefur mikið fjallað um á hvern hátt væri best að nálgast þennan hóp og undirhópa hans, með ráðgjöf, námskeiðum og starfsráðgjöf. Niðurstaða okkar er að mikilvægt sé að skoða kosti og galla þess að skipta starfsemi Vinnumálastofnunar í tvennt. Annars vegar sé skráning og eftirlit og hins vegar ráðgjöf, námskeið og vinnumiðlun. Seinni þátturinn væri í samstarfi við sveitarfélög. Skoðaður verði sá kostur að Vinnumálastofnun semji við sveitarfélögin (gegn þóknun) um að þau sjái um ráðgjöf við atvinnulausa og komi jafnframt að vinnuframboði eftir því sem við á. Með þessum hætti væri tryggt að allir sem eru án atvinnu, hvort sem þeir eiga bótarétt hjá Vinnumálastofnun eða félagsþjónustu sveitarfélaga, fái sambærilega ráðgjöf og meðhöndlun um atvinnutilboð. Þannig væri auðveldara að ná til og virkja nægilega snemma þá sem eru búnir að vera atvinnulausir til lengri tíma, bæði þá sem eru með atvinnuleysisbætur og eins þá sem eru með framfærslu. Með þessum hætti ætti að vera auðveldara að ná til þeirra sem hafa verið í svartri vinnu, iðnaðarmanna, útlendinga án bótaréttar og útlendinga sem eru á utangarðsskrá (ekki með fast

heimili). Skylda þarf atvinnulausa til að gera grein fyrir sér, bæði til að ná til þeirra sem eru í svartri vinnu og ekki síður til að ná til þeirra sem eru undir sæng.

Breytingar á stöðu þeirra sem standa höllum fæti frá stöðuskýrslu í mars 2009.

Staðan hjá sveitarfélögum

Nú hægir á fjölgun þeirra sem sækja um framfærslu hjá sveitarfélögum. Hópurinn sem fær lágmarksatvinnuleysisbætur fer fjölgandi, en þeim sem fá grunnaðstoð félagsþjónustunnar hefur ekki fjölgað að sama skapi því þessi hópur á ekki rétt hjá sveitarfélögum. Meiri ásókn er hins vegar í heimildagreiðslur hjá hluta sveitarfélaga eða önnur úrræði sem félagsþjónustan býður. Alvarlegast er að þeim fjölgar sem eru búnir að vera lengi á lágmarksgreiðslum hjá félagsþjónustu.

Fólk utan skrár

Ekki liggja fyrir upplýsingar um stærð og stöðu þess hóps sem er utangarðsskrár hjá Þjóðskrá, en dæmi er um að einstaklingar hafi dvalist hérlendis og unnið til margra ára en hafi ekki skráð lögheimili sitt. Þessir einstaklingar eiga því hvorki rétt á atvinnuleysisbótum né aðstoð félagsþjónustunnar. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun fá þeir einstaklingar sem eiga rétt á fullum atvinnuleysisbótum en hafa ekki skráð lögheimili bréf frá stofnuninni sem staðfesti að viðkomandi muni fá nægilegar framfærslutekjur með atvinnuleysisbótum. Með bréfið í höndunum á fólk að geta fengið sig skráð í Þjóðskrá, en vandinn hefur verið að erlendir ríkisborgarar sem ná ekki fullum atvinnuleysisbótum eða eiga ekki rétt hafa ekki getað fengið sig skráð í Þjóðskrá og geta þar af leiðandi ekki notið neinna réttinda hérlendis, þótt þeir hafi verið búsettir hér til lengri tíma en hafa ekki skráð lögheimili.

Huga þarf sérstaklega að námskeiðum og fræðslu fyrir þennan hóp.

Staða fólks á leigumarkaði

Huga þarf að stöðu þeirra sem eru á leigumarkaði. Skipta má leigumarkaðnum í þrjá flokka:

- Húsaleiga hjá frjálsum félagasamtökum og félagslegu leiguhúsnæði sem er vísitölutengd hefur hækkað mikið sökum hækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar og má sjá það á töflum Hagstofu Íslands. Leigjendur hjá frjálsum félagasamtökum eiga ekki kost á sérstökum húsaleigubótum. Fer reyndar eftir sveitarfélögum.
- Ætla má að sumir þeirra sem eru að missa eignir sínar og fara þess vegna á leigumarkaðinn séu mjög skuldsettir. Þeir þurfa ekki að vera tekjulágir þrátt fyrir það, en eiga fyrir vikið ekki rétt á opinberum stuðningi. Benda má á að skerðingarmörk húsaleigubóta eru mun lægri en skerðingarmörk vaxtabóta vegna tekna.
- Fyrir þær fjölskyldur sem eru á almennum leigumarkaði hefur orðið jákvæð þróun; aukið framboð og lægri leiga.

Mörg sveitarfélög greiða nú hærri upphæðir en áður í húsaleigubætur. Það getur gefið vísbendingu um annars vegar lægri laun þeirra sem eru á leigumarkaði eða að fleiri þurfi að leigja.

Staða öryrkja (samkvæmt upplýsingum frá ÖBÍ)

Í þessu sambandi viljum við benda sérstaklega á skerðingar hjá öryrkjum.

Fólk með örorkumat er með skerta starfsorku og með hærri útgjöld að jafnaði en meginþorri almennings í landinu vegna lyfja- og læknskostnaðar, sjúkra- og iðjuþjálfunar o.fl. Þessi útgjöld hafa hækkað á undanförunum mánuðum.

Jafnframt voru bætur almannatrygginga skertar hjá stórum hluta lífeyrisþega um allt að 10% vegna bráðabirgðaákvæðis í lögum nr. 173/ 2008, um ráðstafanir í ríkisfjármálunum. Einnig hefur orðið 7–10% skerðing á greiðslum frá fjölda lífeyrissjóða til öryrkja.

Frumvarp það sem nú liggur fyrir á Alþingi gerir ráð fyrir margháttuðum breytingum á kjörum þeirra lífeyrisþega sem hafa einhverjar aðrar tekjur en bætur almannatrygginga Munu þessar breytingar meðal annars valda hækkun á greiðsluþátttöku lífeyrisþegans í kostnaði við sjúkra-, iðju- og talþjálfun og tannlækningar.

Einnig er gerð sú breyting að lífeyrissjóðstekjur koma til með að skerða örorkulífeyrinn sjálfan og aldurstengda örorkuuppbót um 25%. Í fylgiskjali má sjá áhrif lífeyrissjóðstekan á bætur almannatrygginga.

Ljóst er að niðurskurður verður mikill hjá heilbrigðisráðuneytinu á næsta ári sem eykur enn á kostnað örorkulífeyrisþega.

Úrræði henta síður körlum


Ástæða er til að hafa áhyggjur af öllum þeim sem ekki nýta sér það sem í boði er, hvort sem það eru námskeið eða að sækja um lausar stöður. Samkvæmt okkar upplýsingum eru tilboð sem sérstaklega eru ætluð atvinnulausum ennþá illa sótt og jafnvel hefur verið hætt með sum tilboð sökum þáttökuleysis. Svo virðist sem tilboð Rauðakross-hússins virki vel en þó má hafa vissar áhyggjur af þáttökuleysi karla. Það þarf að huga sérstaklega að því hvernig eigi að nálgast atvinnulausa karlmenn og jafnvel fá þá sjálfa til að skipuleggja tilboð sem henta körlum í þeirra stöðu.

Vaxandi álag á ráðgjafa, hvort sem þeir starfa á vegum hins opinbera eða frjálsra félagasamtaka.

Vaxandi álag er á starfsmönnum sem vinna við ráðgjöf til einstaklinga sem eiga við mikinn vanda að etja. Huga þarf að þeim með handleiðslu, fræðslu og eins vantar miðlægan grunn til að safna upplýsingum í, um hvaða úrræði séu í boði. Slíkan grunn þyrfti að endurnýja stöðugt og senda út vikulega á alla ráðgjafa. Það mun gera ráðgjöfum auðveldara fyrir að hjálpa fólki að vera virkt.

Fylgiskjal.

Mynd 1: Áhrif lífeyrissjóðstekna á bætur almannatrygginga eftir 1. júlí 2009. Dæmi um væntanlegar skerðingar hjá örorkulífeyrisþegum sem búa einir og eru með aldurstengda örorkuuppþót (15%). Aldur einstaklings við örorkumat 40-45 ára. Um er að ræða upphæðir áður en staðgreiðslan er dregin frá.



Skýringar.

Á myndum 1 og 2 (bls. 5) má sjá að skerðingar á bótum eru umtalsverðar. Í prósentum talið eru skerðingarnar á greiðslum almannatrygginga á bilinu **0,1 – 76%** en þegar heildartekjur öryrkja eru teknar saman, þ.e. bætur almannatrygginga og greiðslur úr lífeyrissjóði, eru skerðingarnar á bilinu **0,1 – 7,7%**. Þegar lífeyrisgreiðslur eru komnar í kr. 331.778 á mánuði fellur grunnlífeyrinn alveg niður og skerðingin á bótum almannatrygginga er þá 100%.

Vert er að geta þess að hér eru einungis tekin dæmi þegar lífeyrissjóðsgreiðslur skerða bætur almannatrygginga en í frumvarpinu eru fleiri skerðingar fyrirhugaðar. Jafnframt er bent á að þeir sem missa ákveðna tekjuflokka vegna skerðingar á bótum geta misst ákveðin réttindi sem fylgja hverjum bótaflokki fyrir sig. Því má ætla að heildarskerðingar verði hærri en hér kemur fram.

Mynd 2: Áhrif lífeyrissjóðstekna á bætur almannatrygginga eftir 1. júlí 2009. Dæmi um væntanlegar skerðingar hjá örorkulífeyrisþegum sem búa með öðrum og eru með aldurstengda örorkuuppþót (15%) aldur einstaklings við örorkumat á bilinu 40-45 ára. Um er að ræða upphæðir áður en staðgreiðslan er dregin frá.

